

## ✉ Re: Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Búið til	10.9.2021 12:06:12
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	10.9.2021 12:06:10
Tilheyrir	📁 202107-0020 - Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

### Efni

Re: Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

### Upplýsingar

Sent	10.9.2021 12:06:10	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	vigfus@utu.is
Cc	Snorri.Sigurdsson@ni.is

### Innihald

Tilvísun í mál nr. 202107-0020 (SS, LÁ)

Vísað er til tölvupósts frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um heildar endurskoðun á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagsgögnin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

#### Almennar ábendingar:

Almennt leggur Náttúrufræðistofnun áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig skipulag og framkvæmdir samræmast almennum markmiðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags) sem og einstökum greinum eins og við á t.d. greinar 6. til 12. um meginreglur varðandi náttúru- og umhverfisvernd, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengi, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og sérstaklega kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira. Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins eða hugsanlegra framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Ánægjulegt er að sjá að stuðst hefur verið við margvíslegar upplýsingar frá Náttúrufræðistofnun um náttúru Íslands við gerð aðalskipulagsins svo sem upplýsingar um vistgerðir á Íslandi og útbreiðslu þeirra, mikilvæg fuglasvæði og náttúruminjar sem falla undir 61. grein um sérstaka vernd og útbreiðslu þeirra.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á tillögur stofnunarinnar til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, um verndun tiltekinna landsvæða sem eru mikilvæg fyrir fugla, vistgerðir og jarðminjar, og taka þarf afstöðu til við undirbúning framkvæmdaáætlunar (B-hluta) náttúruminjaskrár. Tillögurnar eru byggðar á ítarlegri greiningu á hvaða svæði eru mikilvægust og heppilegust til að ná fram ásættanlegri verndun fyrir þær náttúruminjar sem varðar hverju sinni. Á þessari stundu er framkvæmdaáætlunin enn á undirbúningsstigi en tillögur Náttúrufræðistofnunar (<https://natturuminjaskra.ni.is/>) gefa mikilvægar upplýsingar um svæði sem hafa hátt verndargildi og gagnast því sveitarfélögum við ákvarðanatöku um verndarákvarðanir í skipulagi. Nánar verður vikið að þessu í umsógninni hér á eftir í umfjöllun um verndarsvæði. Önnur gögn sem vert er að benda á eru nýuppfærðir válistar fyrir fugla og plöntur (<https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>).

Jákvætt er að í meginmarkmiðum stefnu aðalskipulagsins sé stefnt að því að umhverfissjónarmiðum verði gætt við skipulag svæða og að öll landnýting sé í sátt við náttúruna. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufer og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

#### Sértækar ábendingar

Í umfjöllun um umhverfi og yfirbragð byggðar (kafla 2.1) segir að stefna skuli af því að „landnotkun stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru...“ og að „við skipulag byggðar og framkvæmdir skal hugað að því að merkar jarðmyndanir og gróðursvæði verði fyrir sem minnstum áhrifum“. Hér mætti bæta við vistgerðum með hátt verndargildi þ.m.t. ferskvatnsvistgerðum sem og mikilvægum búsvæðum fugla í ljósi þess að stór hluti sveitarfélagsins er innan skilgreindra mikilvægra fuglasvæða. Verndargildi fuglategunda byggist m.a. á stöðu þeirra á válistum og hvort um ábyrgðartegundir fyrir Ísland sé að ræða.

-

#### *Stefna á láglandi*

Frístundabyggðir eru margar og stórar í sveitarfélaginu og setja mikinn svip á landslag. Þótt uppbyggingu frístundabyggða fylgi alla jafna ekki eins mikið rask og uppbyggingu þéttbýlis eða iðnaðarsvæða, þá getur töluverð breyting orðið á náttúruferinu bæði vegna mannvirkjagerðar, byggingaframkvæmda og ekki síst vegagerðar og lagningu veitumannvirkja, en einnig vegna ræktunar af ýmsum toga sem gjarnan fylgir frístundabyggðum einkum skógrækt en einnig garðyrkju inni á lóðum frístundahúsa. Afleiðingar slíkra breytinga geta verið neikvæðar ef t.d. tiltekin gróðurlendi og búsvæði fugla víki einkum þar sem tegundir og vistgerðir með hátt verndargildi, finnast. Þar má nefna mófuglategundir sem verpa á opnum svæðum en síður í skóglendi. Þess vegna er mikilvægt að við skipulagákvæðanir um nýja eða stækkaða frístundabyggð sé lögð áhersla á að meta verndargildi náttúruferis sem fyrir er.

Það er jákvætt að mati Náttúrufræðistofnunar að stefnt sé að því að minnka heildarflatarmál skipulagðra frístundabyggða um 20% og þar með hætta við uppbyggingu sem áður var samþykkt í skipulagi á nokkrum stöðum. Mikilvægt er að meta verndargildi þeirra svæða sem um ræðir áður en ákvarðanir eru teknar um aðra landnotkun. Þar má nefna svæði nálægt ám og vötnum en svæði eins og Sogið, Þingvallavatn, Brúará og Apavatn eru allt ferskvatnsvistkerfi með hátt verndargildi og m.a. mikilvæg búsvæði vatnafugla, og of mikil uppbygging getur ógnað lífríki þeirra. Hvatt er til þess að skoða eins og við á tækifæri til aukinnar verndunar náttúru þar sem hætt hefur verið við uppbyggingu frístundabyggða.

Landbúnaðarsvæði eru skilgreind mjög víða miðað við sveitarfélagsuppdráttinn og ekki einungis á svæðum sem í dag eru nýtt fyrir ræktun. Það veur nokkra furðu að fjöllin Búrfell, Hestfjall og Mosfell séu skilgreind sem landbúnaðarsvæði frekar en opin svæði eða óbyggð svæði. Einnig eru svæði skilgreind sem náttúruverndarsvæði á uppdrætti yfir verndarsvæði skilgreind sem landbúnaðarsvæði á sveitarfélagsuppdrættinum, t.d. svæðið austan við Apavatn sem er á gildandi náttúruminjaskrá.

Í stefnu um landbúnaðarsvæði segir að „Stuðlað verði að viðhaldi núverandi votlendissvæða og eftir atvikum endurheimt votlendis“. Þetta er mjög jákvætt að mati Náttúrufræðistofnunar. Allvíða eru stórar breiður af lítt röskuðu votlendi sem fellur undir sérstaka verndun skv. 61. grein laga um náttúruvernd. Það má sjá á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar ([www.serstokvernd.ni.is](http://www.serstokvernd.ni.is/) (<http://www.serstokvernd.ni.is/>)). Tækifæri til endurheimtar eru einnig töluverð. Sveitarfélagið hefur því mikilvægu hlutverki að gegna við verndun og endurheimt votlendis sem ekki er einungis mikilvægt skref til að auka kolefnisbindingu heldur skapar búsvæði fyrir lífverur m.a. fugla og verndar vistgerðir með hátt verndargildi. Sveitarfélagið er hvatt til að fylgja þessu stefnumiði eftir af krafti. Þá er ástæða til að auka verndun á votlendissvæðum t.d. með friðlýsingum eða aukinni hverfisvernd.

Skógræktarsvæði eru allmörg í sveitarfélaginu og áform um töluverða aukningu t.d. eru tvö stór skógræktarsvæði skilgreind á sunnanverðri Lyngdalsheiði. Í kafla 2.3.2 um skógræktar- og landgræðslusvæði segir að „við skipulag skógræktar [skuli] hugað að því að vernda landslag og ásynnd svæða og að skógur vaxi ekki fyrir góða útsýnisstaði“. Náttúrufræðistofnun vill benda á að einnig þarf að taka tillit til þess að vernda búsvæði fugla með hátt verndargildi t.d. ábyrgðartegunda. Þar má nefna heiðlóu, spóa, jaðrakan og fleiri tegundir. Einnig þarf að taka tillit til verndargildis einstakra vistgerða á svæðum sem gætu komið til greina fyrir skógrækt t.d. eru sumar mó- og graslendisvistgerðir metnar með hátt verndargildi og einnig eru

vistgerðir á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem ber að vernda (Vistgerðir | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/grodur/vistgerdir>). Mikilvægt er að fylgst sé með því hvort framandi tegundir sem notaðar eru í skógrækt sái sér út fyrir skilgreint skógræktarland og brugðist við ef svo sé til að vernda nálæg búsvæði fugla á opnum svæðum og vistgerðir með hátt verndargildi.

Við uppbyggingu þjónustu og innviða vegna ferðapjónustu sem er vaxandi atvinnuvegur í sveitarfélaginu þarf að tryggja að skipulags- og hönnunarákvarðanir taki mið af verndargildi náttúruminja sem geta verið meginaðdráttarafið. Til dæmis er stefnt að því að gera Kerhól við Seyðishóla að viðkomustað ferðamanna með því að bæta aðkomu og gera göngustíga og merkingar. Svæðið er undir hverfisvernd vegna jarðminja og tryggja þarf að verndun þeirra sé forgangsatriði þegar kemur að innviðauppbyggingunni. Lífríkissvæði eru sérstaklega viðkvæm fyrir áreiti vegna aukinnar umferðar fólks. Gæta þarf að þessu við uppbyggingu nálægt slíkum svæðum. Áðurnefnd ferskvatnsbúsvæði – Þingvallavatn, Sogið, Apavatn, Brúará o.fl. eru þar sérstaklega viðkvæm. Til að mynda er stefnt að því að auka uppbyggingu við Grímsborgir, sem eru staðsettar nálægt mikilvægu fuglabúsvæði í Soginu.

Endurskoðun aðalskipulagsins gerir ráð fyrir mögulegri stækkun Nesjavallavirkjunar með nýjum vinnslusvæðum í Þverárdal. Sú stækkun er í orkunýtingarflokki 3. áfanga rammaáætlunar sem bíður enn samþykkis Alþingis en felur í sér umtalsvert rask innan hverfisverndarsvæða og á háhitasvæði með mikið verndargildi. Einnig er gefið leyfi fyrir gufuaflsvirkjun með 3,9 MW uppsett afl í Króki. Áætluð virkjun er staðsett á hverfisverndarsvæði í gildandi aðalskipulagi (HV13 í gildandi aðalskipulagi – Laki, Álfatjörn og Efri Kattartjörn) og samkvæmt skilmálum þess er jarðrask með öllu óheimilt og einvörðungu leyfð takmörkuð mannvirkjagerð sem tengist útivist. Undanskilin er orkuvinnsla á Ölkelduhálsi en gufuaflsvirkjun í Króki er staðsett austar. Því er um stefnubreytingu að ræða á svæðinu sem hefur umtalsvert verndargildi að mati Náttúrufræðistofnunar vegna jarðhitans og fellur jarðhitasvæðið undir 61. grein laga um náttúruvernd um sérstaka vernd og er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúruminjaskrár, Grændal (Grændalur | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/greinar/su-graendalur>). Náttúrufræðistofnun er því ekki fylgjandi þessum áformum sveitarfélagsins og telur að frekar ætti að stefna að verndun svæðisins.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að reistur verði allt að 100 MW vindorkugarður á Mosfellsheiði. Vindlundurinn hefur ekki fengið efnislega meðferð hjá verkefnastjórnun rammaáætlunar. Náttúrufræðistofnun telur að eðlilegt sé að meðferð og ákvörðun um flokkun virkjunarkostsins í ferli rammaáætlunar ljúki áður en sveitarfélagið heimili uppbyggingu þess í aðalskipulagi sínu.

Undir lið 3.2.9. Stakar framkvæmdir eru veittar heimildir fyrir byggingu vindrafstöðva á jörðum. Vindrafstöðvar geta haft töluverð neikvæð áhrif á fuglalíf ef þær eru staðsettar nálægt mikilvægum fuglasvæðum t.d. varpsvæðum eða viðkomustöðum farfugla og ef þær eru þess eðlis að áflugshætta er mikil. Skoða þarf hvert tilfelli afar vandlega með tilliti til staðsetningar og gerðar vindrafstöðva og skilgreina þarf hvaða svæði koma ekki til greina fyrir uppbyggingu þeirra. Ekki er víst að allar jarðir komi vel til greina fyrir slíka uppbyggingu í kjölfar greiningar á umhverfisáhrifum þeirra. Einnig eru veittar heimildir fyrir smávirkanir allt að 2 MW, ekki er skýrt hvernig virkanir er átt við því áður er veitt heimild fyrir vatnsaflsvirkjunum allt að 200 kW. Útskýra þarf betur hvers konar virkanir er um að ræða en ljóst er að 2 MW virkanir er töluverð stærð sem getur falið í sér margs kyns umhverfisáhrif sem mikilvægt er að meta í hverju tilfelli fyrir sig.

Heimildir fyrir efnistöku eru auknar og veitt leyfi fyrir níu nýjum námum. Flestar námurnar eru það smáar að þær eru ekki tilkynningaskyldar. Það breytir því ekki að mikilvægt er að leggja mat á umhverfisáhrif þeirra þegar ákvarðanir eru teknar í deiliskipulagi og við leyfisveitingar. Náttúrufræðistofnun hefur ekki tók á að rýna einstök svæði í þessari umsögn en væntir þess að hafa tækifæri til þess á síðari stigum ef svo ber undir. Almennu telur Náttúrufræðistofnun það ekki endilega vera betri nálgun að hafa fleiri námur og smærri frekar en færri og stærri því með því að dreifa þeim víða þá getur reynst erfiðara að vernda stærri landslagsheildir, vistgerðir og búsvæði fugla og annarra dýra því öllum efnistökusvæðum fylgir óneitanlega rask og ónæði.

Í kafla 3.3.3. er tekið frá svæði fyrir Hestvirkjun með því að afmarka varúðarsvæði. Eins og kemur fram í greinargerðinni er um virkjanakost í biðflokki skv. öðrum áfanga rammaáætlunar að ræða. Virkjunin er enn í biðflokki í ósamþykktum 3. Áfanga og í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að virkjunin þygi óhagkvæm. Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði verið tilefni til að fella áform um þessa virkjun alveg út úr skipulaginu. Um er að ræða virkjun sem myndi valda raski á votlendissvæðum á núgildandi náttúruminjaskrá og sem hafa verið tilnefnd fyrir tilvonandi B-hluta.

#### *Verndarsvæði*

Í kafla 7 er greint frá verndarsvæðum og minjum. Athyglisvert er að engin svæði í sveitarfélaginu eru friðlýst skv. ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013 (eða eldri náttúruverndarlaga) þrátt fyrir að víða innan þess séu afar merk náttúra sem metin er með hátt verndargildi m.a. merkar jarðminjar, landslag, vistgerðir t.d. votlendi og jarðhitavistgerðir, ár og vötn o.fl. og búsvæði dýra einkum fugla en innan sveitarfélagsins eru allmörg mikilvæg fuglasvæði eins og áður segir. Ekki er greint frá áformum um að friðlýsa svæði eða náttúruminjar og er það miður að mati Náttúrufræðistofnunar. Greint er frá fjölda svæða sem eru á gildandi

náttúruminjaskrá t.d. Þjóðþekkt jarðminjasvæði eins og Kerið, Seyðishólar, Hengilssvæðið og hálendisvæði á afrétti við rætur Langjökuls. Einnig mikilvæg lífríkissvæði eins og Sogið, Villingavatn, Brúará og ýmis votlendissvæði (t.d. Flatholt-Reiðholt, Laugarmýri og Arnarholt/Arnarbæli) auk hluta Þingvallvatns. Mörg svæði eru hverfisvernduð, að stórum hluta þau sömu og eru á náttúruminjaskránni.

Eftirfarandi svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúruminjaskrár eru í Grímsnes- og Grafningshreppi að öllu leyti eða að hluta til:

- Sogið-Þingvallavatn, tilnefnt vegna fuglalífs: Sogið-Þingvallavatn | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/greinar/su-sogid-thingvallavatn>)
- Laugarvatn-Apavatn-Brúará, tilnefnt vegna vistgerða og fuglalífs: Laugarvatn-Apavatn-Brúará | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/greinar/su-laugarvatn-apavatn-bruara>)
- Grændalur, tilnefnt vegna jarðhitavistgerða: Grændalur | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/greinar/su-graendalur>)

Að mati Náttúrufræðistofnunar mætti fjalla um B-tillögurnar og einnig um hver stefna sveitarfélagsins er um frekari verndun t.d. friðlýsingar eða ný hverfisvernduð svæði. Til dæmis væri tilefni til að skoða svæðisbundna verndun í samspili við áform um að hlífa votlendi við frekari röskun og endurheimt þess.

Innan sveitarfélagsins eru margar merkar jarðminjar með hátt verndargildi, bæði á lands- og heimsvísu. Náttúrufræðistofnun hefur nýlega skoðað þessar jarðminjar sem skráðar eru sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá, en eins og fram hefur komið eru mörg þessi svæði nú þegar undir hverfisvernd. Hér verða nefnd nokkur jarðfræðilega áhugaverð svæði sem væri æskilegt að taka sérstakt tillit til í aðalskipulagi og vernda til framtíðar.

Hraun og gígar í Grímsnesi eru myndað eftir ísöld og njóta sérstakrar verndar. Hér er lögð áhersla á gjallgígana þar sem frístundabyggð ásamt trjárækt hefur haft mikil áhrif á ásýnd hraunsins. Um tólf gígasvæði má finna innan svæðisins sem flestum hefur verið raskað í dag vegna vikurnáms og eru sumir gígarnir nær alveg horfnir t.d. Álftarhóll, Borgarhóll. Mikilvægt er að vernda þá gíga sem eftir eru og eru lítt raskaðir. Má þar nefna Kerhól, Kálfhól, Rauðhól og Kerið. Seyðishólar sem voru stærstir, elstir og merkilegastir af gjallgígum Grímsness eru mikið raskaðir eftir mikla efnistöku síðustu áratuga og hafa að miklu leiti tapað sínu verndargildi en svæði vestan og norðan núverandi námasvæða væri vel þessi virði að vernda.

Hagavíkurhraun nýtur sérstakrar verndar er að hluta hverfisverndarsvæði (HV6) og skógræktarsvæði (SL9) en þessi svæði skarast yfir hrauninu. Hagavíkurhraun nær austur undir Bæjarfjall að Lómatjörn og telur Náttúrufræðistofnun að gróður á Hagavíkurhrauni eigi að fá að þróast á sínum eigin forsendum með íslenskum tegundum. Náttúrufræðistofnun mælist til að skógrækt verði undanskilin á þessu hrauni í aðalskipulaginu

Á Grímsnesafrétti eru merkar jarðminjar með hátt verndargildi bæði á lands- og heimsvísu. Má þar nefna gígaraðir, hraunhella og aðrar hraunmyndanir, móbergstapa og móbergshryggi. Þá er víðernis- og landslagsupplifun innan svæðisins mikil. Vegna þessa er mikilvægt að vernda svæðið til frambúðar.

Á Hengilssvæðinu og í Grafningi er mikið um merkar jarðminjar og svæðið er áhugavert sem útivistar- og göngusvæði. Hér þarf að ígrunda vel skipulag fyrir iðnaðarsvæði og skógrækt þannig að ekki tapist náttúruleg svæði með hátt verndargildi, að landslagsupplifun innan svæðisins skerðist ekki og möguleikar til útivistar minnki. Þá þarf að leggja áherslu á að ef skógrækt eða landgræðsla er talin nauðsynleg þá séu valdar íslenskar gróðurtegundir. Halda þarf lúpínu og öðrum ágengum tegundum í skefjum innan svæðisins.

Það er ósamræmi milli töflu 31 um hverfisverndarsvæði og upplýsinga á meðfylgjandi uppdráttum, bæði sveitarfélagsuppdrætti og sérstökum uppdrætti sem sýnir verndarsvæði. Til dæmis er HV4 Hengilssvæðið sem fjallað er um í töflunni, merkt sem HV11 á uppdrættinum. Þetta þarf að laga.

#### *Stefna á hálendi*

Í stefnunni er fjallað um uppbyggingu ferðaþjónustu en að leitast verði við að vernda víðerni og viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins. Gert er ráð fyrir nýbyggingum við Tjaldafell og í Lambahlíðum. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að farið sé varlega í allri uppbyggingu ferðaþjónustu á hálendinu þar sem megin aðdráttarafið er víðerni, ósnortin náttúra og hálendiskyrrð. Huga þarf vandlega að útfærslum við aukna uppbyggingu.

Tekið er fram að huga þurfi sérstaklega að þeim þáttum sem njóta sérstakar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Á afréttinum eru m.a. forsöguleg hraun runnin úr Skjaldbreið, gígar og gígaraðir og hellasvæði bæði í Reyðarbarmshrauni og Þjófahrauni.

Nýta á afréttinn áfram til beitar með áherslu á sjálfbæra nýtingu. Mikilvægt er að fylgst sé vandlega með beitaráhrifum og gripið til aðgerða t.d. með svæðis- og/eða tímabundinni beitarfriðun og landgræðsluáðgerðum ef vísbendingar eru um ósjálfbæra beit.

Afrétturinn nýtur hverfisverndar en líkt og fjallað er um hér að framan í umfjöllun um verndarsvæði er tilefni til að styrkja verndun merkra jarðminja og landslags t.d. með friðlýsingum.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500.      www.ni.is (http://www.ni.is/)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Vigfús Þór Hróbjartsson" <vigfus@utu.is>

**To:** "Vigfús Þór Hróbjartsson" <vigfus@utu.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>; "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "HSL" <hsl@hsl.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Upplýsingar - FERDA" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>; "Sylvía Karen Heimisdóttir" <sylviakaren@skeidgnup.is>; "Eydis Þ. Indriðadóttir" <eydis@floahreppur.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "landsvirkjun@landsvirkjun.is" <landsvirkjun@landsvirkjun.is>; "magnus.gudmundsson@vjb.is" <magnus.gudmundsson@xn--vj-4ka.is>; "for@for.is" <for@for.is>; "Gunnlaugur Jónasson" <gunnlaugur@olfus.is>; "kristinnp@mos.is" <kristinnp@mos.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "Ásta Stefánsdóttir" <asta@blaskogabyggd.is>; "oddviti@blaskogabyggd.is" <oddviti@blaskogabyggd.is>; "oddviti@skeidgnup.is" <oddviti@skeidgnup.is>; "arni@floahreppur.is" <arni@floahreppur.is>

**CC:** "Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps" <sveitarstjori@gogg.is>; "bjossiborg@gogg.is" <bjossiborg@gogg.is>; "oddviti@gogg.is" <oddviti@gogg.is>

**Subject:** Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

**Date:** 15.7.2021 10:22:12

Góðan daginn, hér meðfylgjandi eru gögn vegna heildar endurskoðunar á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 til kynningar. Óskað er umsagna vegna málsins.

Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020 (arcgis.com) (<https://efla-engineers.maps.arcgis.com/apps/MapSeries/index.html?appid=3f293914d97b4b8ba0f34c25ceb89e96>)

Grímsnes- og Grafningshreppur - Skipulagsgögn (arcgis.com) (<https://efla-engineers.maps.arcgis.com/apps/Cascade/index.html?appid=0d2b8a03b3ca436db639b78512a1ee49>)

Óskað er eftir því að ábendingar og athugasemdir við kynningargögn berist eigi síðar en 20.ágúst 2021.

Bestu kveðjur,

Vigfús Þór Hróbjartsson

Skipulagsfulltrúi



Dalbraut 12

840 Laugarvatn

Sími: 4805550

[www.utu.is](http://www.utu.is)

## Viðhengi

image002.png (11 KB)

image001.jpg (43 KB)